Sent: fimmtudagur, 17. febrúar 2022 10:30
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: Vegan skipulagstillögu á Kársnesi - reitur 13

Góðan daginn

Vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir svæði 13 á þróunarsvæðinu langar mig til að koma því á framfæri að ég er hlynntur tillögunni. Hér er um að ræða alveg einstakt svæði og skemmtilegasta þróunar reitinn á Kársnesinu að mínu mati. Því er afar mikilvægt að vel takist til með skipulagið.

Eftir að hafa yfirfarið tillöguna þá finnst mér hún hafa komið sérstaklega vel út. Helstu kostir tillögunar finnst mér vera grænu þökin sem láta byggðina falla vel að núverandi byggð, hvernig byggðin stallast finnst mér flott og opnu svæðin á milli byggginganna finnst mér koma mjög vel út. Sérstaklega er garður vel útfærður.

Hönnuður tillögunnar hefur greinilega náð að fara mjög góðan milliveg við að búa til þarna fallega byggð og að leyfa húsunum sem fyrir eru að njóta sín.

Ég tel afar líklegt að uppbygging á reit 13 í þeirri mynd sem þarna er lagt til muni stórauka lífsgæði íbúa í nágrenni vegna þeirra gæða sem mun standa þeim til boða, allt frá bættu aðgengi að ströndinni til þeirrar þjónustu sem mun byggjast upp í tengslum við reit 13.

Til hamingju með þetta og vonandi sér maður framkvæmdir fara sem fyrst að stað enda ekki vanþörf á bæði vegna ástands svæðisins í dag og vegna mikils skorts á íbúðum í Kópavogi.

Kveðja,

Magnús Gylfi Gunnlaugsson

Kt. 310769-3639
Nýja-Lundi 7/Nýbýlavegi.

Skjal sótt af '000000000000' dags: 11.11.2026

33
1/2

Athugasemdir við ?vinnslutillögu? á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Harpa Halldórsdóttir <harpa80@gmail.com>
Heiti	:	Athugasemdir við ?vinnslutillögu? á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	17.02.2022 11:26:20
Höfundur	:	Harpa Halldórsdóttir <harpa80@gmail.com>

Í framhaldi ?opins húss? í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. vilja undirritaðir íbúar á vestanverðu Kársnesi koma eftirfarandi á framfæri:

Við krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.

Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.

Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.

Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.

1. Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.
2. Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.
3. Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þinghólsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.
4. Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.
5. Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.
6. Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.
7. Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

33
2/2

áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

Harpa Halldórsdóttir kt. 260280-4069

Jón Pálmar Þorsteinsson kt. 180976-4429

Þinghólsbraut 68

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

34

RE: Skipulagstillaga á svæði 13 á Kársnesi.

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Jón Sigurður Garðarsson <jong@plt.is>
CC	:	anna@plt.is;
Heiti	:	RE: Skipulagstillaga á svæði 13 á Kársnesi.
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	17.02.2022 10:45:01
Höfundur	:	Jón Sigurður Garðarsson <jong@plt.is>

Ágæti viðtakandi,

Við hjónin höfum um langan tíma búið í Kópavogi, sjálfur er ég fæddur í Kópavogi og er ákaflega stoltur af því (Fæðingarheimilinu Borgarholtsbraut). Fyrir áramót tókum við upp á því að selja ofan af okkur einbýlishús okkar í Aflakór og leituðumst eftir að kaupa á Kársnesinu sem hefur reynst okkur erfitt þar sem að íbúðar eining eins og við erum að leita að er ekki í boði þar eins og er og endaði á að við keyptum í Reykjavík þvert gegn vilja og áhuga ? sem vonandi verður bara millibils eign þar til að þetta glæsilega hverfi á sunnan verðu Kársnesi ?rís?.

Viljum við með tölvupósti þessum lýsa stuðningi okkar við þá skipulagstillögu sem er til kynningar fyrir svokallað svæði 13 á Kársnesi. Að okkar mati er hér um að ræða glæsilega tillögu sem mikilvægt er að komi til framkvæmda hið allra fyrsta í þeim mikla íbúðaskorti sem ríkir á höfuðborgarsvæðinu og við höfum sannarlega kynnst.

Ef það er eitthvað sem við getum rýn ykkur til gagns hvað þessar tillögur varðar þá er helst að nefna full lítinn fjölda íbúða, í ljósi staðsetningar og þess hve margir munu óska að búa á þessum glæsilega stað og erum við hjónin full tilhlökkunar að fá að vera hluti þeirra aðila sem þarna koma til með að búa. Allir innviðir eru til staðar á svæðinu því tel ég að auka mætti fjölda íbúða til muna.

Ég var meðlimur í Björgunarsveitinni Stefni sem hafði aðstöðu á þessu svæði ásamt því að vinna hjá Síldarútvegsnefnd við síldartunnur í aukavinnu. Og segi enn og aftur að þetta er frábært íbúðarsvæði með fallegu útsýni ? **íbúðir á svæði 13 á Kársnesi ? Já Takk**

Hver vill ekki vinna og búa í Kópavogi

Við hjónin höfum kynnt okkur þetta vel og fylgst með og þessar myndir segja allt sem segja þarf

Kær kveðja, Jón og Anna

Jón Sigurður Garðarsson 110666-4549
Anna Sigríður Ásgeirsdóttir 071172-3259
Aflakór 18, 203 Kópavogur

Með minni bestu kveðju/With my best regards,

Jón S. Garðarsson
Framkvæmdastjóri
Sími 354 578 7165
GSM 354 618 7165

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

35
1/2

From: Heiðrún Ösp Hauksdottir <heidrunoh@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 16. febrúar 2022 22:00
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: Athugasemdir við ?vinnslutillögu? á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi

Sæl(l)

Í framhaldi ?opins húss? í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. vilja undirritaðir íbúar á vestanverðu Kársnesi koma eftirfarandi á framfæri:

Við krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.

Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.

Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.

Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.

1)Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

35
2/2

2)Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.

3)Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þinghólsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.

4)Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.

5)Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.

6)Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.

7)Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi.

Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags.

Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

Heiðrún Kt. 050883-3619 - Hlíðarhjalla 39c.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

36

Vegna vinnslutillögu svæðis 13 á Kársnesi.

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Thorgils Sigvaldason <gilsi@crankwheel.com>
Heiti	:	Vegna vinnslutillögu svæðis 13 á Kársnesi.
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	17.02.2022 10:14:39
Höfundur	:	Thorgils Sigvaldason <gilsi@crankwheel.com>

Hæ

Undirritaður óskar eftir að koma á framfæri stuðningi við þá tillögu sem er í kynningu.
Skipulagstillagan er að mínu mati afar vönduð og hófsöm varðandi nýtingu þess lands sem um ræðir.
Mikill íbúðaskortur er á höfuðborgarsvæðinu og mikilvægt að bjóða gott framboð á fjölbreyttum búsetu valkostum á þéttingarreitum í nálægð borgarlínu.Lægri nýting en það sú sem lögð er til í tillögunni er að mínu mati sóun á verðmætum sem mun leiða til enn hærra íbúðaverðs sem ekki þjónar hagsmunum íbúa Kópavogsbæjar.

Reitur 13 mun mjög líklega höfða sérstaklega til Kópavogsbúa sem óska eftir að flytja innan sveitarfélagsins, einkum þá sem vilja minnka við sig og um leið losa fasteignir fyrir aðra Kópavogsbúa sem þurfa stærri eignir.
Því er mikilvægt að tillagan verði samþykkt hið fyrsta í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst Þorgils Már Sigvaldason stoltur Kópavogsbúi
kt:010975-4099

crank® wheel

Gilsi Sigvaldason / CRO & Co-founder *from the land of fire and ice*

gilsi@crankwheel.com / 354 618-5700

CrankWheel
1 (877) 753-2945
Kringlan 1, 4th floor, Reykjavík 103, Iceland
http://crankwheel.com/

Join the affiliate program
Book a demo with me
My Linkedin

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

37
1/3

Kópavogi 16. febrúar 2022

Skipulagsdeild Kópavogsbæjar
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Efni: Athugasemdir við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi á reit 13 á Kársnesi

Við undirrituð, íbúar á Hafnarbraut 9, viljum koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við vinnslutillögu þá sem auglýst hefur verið á reit 13 sem nær yfir Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3 og Þinghólsbraut 77 og 79.

Það er ánægjulegt að verið sé að ráðast í uppbyggingu í nærumhverfi okkar á Kársnesinu. Reitur 13 liggur nánast alveg að okkar lóð, einungis gatan/Bryggjuvör skilur á milli. Uppbygging á þessum reit hefur því ótrírætt mikil áhrif á lífsgæði okkar á Hafnarbraut 9. Við viljum hafa áhrif á þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er og teljum að uppbygginguna ætti að vinna í samráði við íbúa eins og lög gera ráð fyrir. Taka þarf mið af þörfum og óskum íbúanna og þeirrar starfsemi sem fyrir er.

Fyrirliggjandi vinnslutillaga mætir alls ekki okkar væntingum og er hvorki tillagan né ferlið í samræmi við stefnu bæjarins en þar segir: *„Hlutverk Kópavogsbæjar er að tryggja lífsgæði íbúanna með góðri og fjölbreyttri þjónustu. Grunnreglur bæjarfélagsins eru skýrar og miða að því að allir hafi tækifæri til áhrifa. Kópavogsbær leggur áherslu á gott mannlíf, skilvirkan og ábyrgan rekstur ásamt öflugu atvinnulífi."*

Sjálfbært, mannvænlegt samfélag

Okkar væntingar eru að búa í samfélagi þar sem lífsgæði íbúanna eru höfð að leiðarljósi í sjálfbæru samfélagi. Við viljum sjá staðarkosti nýtta betur hér í nálægð við náttúruna. Vænlegt er að hafa í huga hugmyndafræði 15-20 mínútna byggðar varðandi þjónustu og samgöngur svo svæðið verði sjálfbært. Forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Það skortir alveg á að kynna hvernig þjónustu við okkur á Kársnesinu verði háttað, leikskólar, græn afþreyingarsvæði og verslunar- og þjónusturými. Slíkt ætti að liggja fyrir áður en vinnslutillaga er kynnt.

Samgöngur og aðkoma að Hafnarbraut 9

Algjör óvissa ríkir um hvernig hönnun Borgarlínu verður. Því leggjum við til að henni gerði gefið gott rými um Bryggjuvörina og upp á Borgarholtsbraut, sem og umferð gangandi og hjólandi. Byggðin á reitnum má því ekki liggja að ystu brún á lóðarmörkum. Einnig þarf að huga að göngu- og hjólaleiðum með ströndinni.

Óljóst er með umferð og umferðarþunga; gera þarf víðtækari greiningu á umferðarflæði. Nærliggjandi götur geta ekki annað vaxandi bílaumferð. Við teljum mikilvægt að uppbygging gerist heildstætt og að gengið verði sem fyrst frá tilhögun gatnagerðar á svæðinu. Þá er óljóst hvernig aðkoma verður að innkeyrslu í bílageymslu okkar að Hafnarbraut 9 og nr. 11.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

37
2/3

Hæð bygginga og byggingarmagn

Hæð og byggingarmagn má ekki skerða hag íbúa í nágrenninu. Ef of miklu byggingarmagni er komið fyrir á þessum reit skapar það minni lífsgæði. Nýtingarhlutfall byggðarinnar er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð.

Í tillögunni er gert ráð fyrir fimm hæða byggingum næst okkur á norðurhluta reitsins. Séð frá Hafnarbraut 9 mun hár veggur rísa sem takmarkar útsýni og birtu svo um munar. Þá er ljóst að birta frá hausti til vors skerðist einnig töluvert. Í gögnum tillögunnar er ekki skoðað skuggavarp yfir vetrarmánuðina frá 22. september til 20. mars. Birta og útsýni er eitt af veigamestu atriðum lífsgæða okkar íbúanna og teljum við að verðmæti eigna okkar bundið þessum atriðum órjúfanlegum böndum. Mikilvægt er því að leyfa alls ekki þessa hæð byggðar á reitnum og miða við deiliskipulag frá 1990 um hámarkshæð bygginga á norðurhluta reitsins, 3 hæðir. Einnig leggjum við til að húsnæði nái ekki lengra til vesturs en þau hús sem standa á lóð Hjálparsveitar skáta í Kópavogi.

Stöndum vörð um náttúruna

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem hefur gert Kársnesið að aðlaðandi svæði til að búa á er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi.

Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Á reitnum er tilvalið að nýta náttúrulega kosti til útiveru fyrir almenning, græn svæði og jafnvel baðaðstöðu.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við teljum vinnslutillöguna ekki þjóna hagsmunum íbúanna. Samráðsferli við íbúana hefði verið betri kostur og hefði mátt standa mun betur að því. Enn er hægt að snúa til betri vega í þeim efnum. Við erum tilbúin að leggja fram okkar hugmyndir og vinna að því að með skipulagsyfirvöldum að móta byggð fyrir fólk í sjálfbæru samfélagi. Varast ber að þjóna eingöngu þröngum hagsmunum fjárfesta.

Við áskiljum okkur rétt til að leita réttar okkar fari svo að vinnslutillaga þessi verði að samþykktu skipulagi og rétt til að leggja fram frekari gögn á síðari stigum máls.

Virðingarfyllst,

Guðný Káradóttir, íbúð 306, formaður húsfélags _____

Sólveig Halldórsdóttir, íbúð 201 _____

Brynhildur Jónsdóttir, íbúð 202 _____

Helga Björg Þórólfsdóttir, íbúð 203 _____

Ásta Kjartansdóttir, íbúð 204 _____

Eva Björk Guðjónsdóttir, íbúð 206 _____

Valur Kristinn Jónsson, íbúð 208 _____

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

37
3/3

Margrét Hafdís Hauksdóttir, íbúð 301, _____

Matthías Kjartansson, íbúð 302 _____

Ingibjörg Guðmundsdóttir, íbúð 307 _____

Sturla Sigurjónsson, íbúð 401 _____

Guðrún S. Jónsdóttir, íbúð 402 _____

Valgerður Grímsdóttir, íbúð 404 _____

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

34

Sent: miðvikudagur, 16. febrúar 2022 22:45
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79

Sæl og blessuð,

Mig langar að skrifa og mótmæla varðandi áætlaða uppbyggingin á vesturmegin Kársness. Eins og örugglega hefur komið fram, það er alltof mikið nýtingarhlutfall á þessu svæði og alltof litið leiksvæði og grænt svæði. Hæðin á húsum er einnig of há og myndi búa til vegg við sjóinn.

Ég hvet ykkur til að endurskoða þetta frá meira en bara hagkvæmu sjónarhorni.

Bestu kveðjur,

Elizabeth Sargent AICP Kt. 240729-3239
Hraunbraut 24.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

39

Kt. 270367-5699
Þinghólsbraut 69

From: Auður Eiriksdóttir
Sent: fimmtudagur, 17. febrúar 2022 02:12
To: Skipulag
Subject: Athugasemdir við ?vinnslutillögu? á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi

Athugasemdir við ?vinnslutillögu? á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi
Í framhaldi ?opins húss? í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. vilja undirritaðir íbúar á vestanverðu Kársnesi koma eftirfarandi á framfæri:
Við krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.
Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.
Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.
Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.
Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.
Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.
Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þinghólsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.
Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.
Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.
Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.
Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.
Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi.
Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.
Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

Get Outlook for Android

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

40

From: Ívar Örn Lárusson <ivar.orn.larusson@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 16. febrúar 2022 17:58
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: Athugasemdir við nýtt skipulag á bakkabraut og nágrenni

Allt of mikið byggingamagn. Nú þegar orðið vandræði með aðgengi, umferð og almenna innviði.

kt. 180285-2969
Sunnubraut 30

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

41 1/3

Re:Athugasemdir við Vinnslutillögu.

Til	:	Skipulag;
Frá	:	María Jóns <maria.jons.soprano@gmail.com>
Heiti	:	Re:Athugasemdir við Vinnslutillögu.
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	17.02.2022 09:30:31
Höfundur	:	María Jóns <maria.jons.soprano@gmail.com>

2006774399 Kársnesbraut 123

On Thu, 17 Feb 2022 at 09:25, Skipulag <Skipulag@kopavogur.is> wrote:

> Sæl María.
> Vinsamlega sendu kennitölu og heimilisfang.
>
> Með kveðju,
> Guðmundur G. Gunnarsson
> ritari skipulagsdeildar.
> Umhverfissvið Kópavogs
> Digranesvegi 1, 200 Kópavogi.
> www.kopavogur.is
> gudmundurgg@kopavogur.is
> Sími: 441-0000, beinn sími 441-2402.
> Umhverfið er okkur mikilvægt ? hugsaðu þig um áður en þú prentar tölvupóstinn.
> Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist þér, vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.
>
> -----Original Message-----
> From: María Jóns <maria.jons.soprano@gmail.com>
> Sent: miðvikudagur, 16. febrúar 2022 22:42
> To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
> Subject:
>
> Athugasemdir við ?vinnslutillögu? á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi
>
> Í framhaldi ?opins húss? í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. vilja undirritaðir íbúar á vestanverðu Kársnesi koma eftirfarandi á framfæri:
>
> Við krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.

Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum. Þetta er farið að hafa veruleg áhrif á aðstöðu mína og annarra íbúa á svæðinu.

Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.

Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.

1) Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.

2) Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.

3) Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þinghólsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.

4) Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.

5) Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.

6) Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.

7) Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

41 3/3

vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

María Jónsdóttir
Sópran
354 8944662
Maria.jons.soprano@gmail.com

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

42 1/2

From: Þórleif K Hauksdóttir <thora.hauks@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 16. febrúar 2022 22:43
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: Athugasemdir við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79

Góðan dag

Borgarholtsbraut 31.

Ég undirrituð, Þórleif Kristín Hauksdóttir, kt 210477-3739, geri hér með eftirfarandi athugasemdir við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79, svokallaðan reit 13:

1. Ég geri athugasemdir við hæð fjölbýlishúsanna sem teiknaðar sem Þinghólsbraut 91-93 ásamt Bryggjuvör 5 og Bryggjuvör 14. Ég tel að hæð þessara bygginga muni hafa veruleg áhrif á sólskin á mínar svalir sem og útsýni.

2. Ég geri athugasemdir við hversu langt til norðurs fjölbýlishúsið að Bryggjuvör 14 er teiknað en það mun hafa veruleg áhrif á útsýni og skuggamyndun á byggðina í kring

3. Ég geri athugasemdir við þéttleika byggðar á reitnum og tel að vinnslutillagan beri með sér að íbúafjöldinn verði allt of mikill á svona litlu svæði.

4. Ég geri athugasemdir við fjölda bílastæða per íbúð á reitnum, en það er ekki raunhæft að ætla að margar íbúðir verði án bílastæða, sér í lagi þar sem langt er í alla þjónustu, s.s. matvöruverslanir, heilsugæslu, skóla og fleira. Ekki er raunhæft að ætla að allir geti nýtt sér borgarlínu, eða séu hjólandi.

5. Ég geri athugasemdir við lítið hlutfall grænna svæða á þessum reit sem og reitum í kring, það er órökrétt að ætla að fylla með landfyllingu til að koma eins mörgum íbúum fyrir og hægt er á kostnað grænna svæða á Kársnesinu. Á þessari tillögu vantar t.d. alveg græn svæði en litlu grænu punktarnir milli húsanna teljast ekki til grænna svæða.

6. Ég geri athugasemdir við að neðsti hluti byggðarinnar sé það nálægt núverandi strandlengju að það verði að útbúa landfyllingu til að koma megi bryggjunni fyrir og því mannlífi sem þar á að vera ásamt þeirri eyðileggingu á núverandi vistkerfi sem þar er.

7. Ég geri athugasemdir við að gert sé ráð fyrir að Hafnarbraut verði botnlangi og að henni verði lokað við reit 13 en miðað við fjölda fólks sem býr við götuna verður hún allt of þröng til þess hægt sé að keyra um götuna sem og að sjúkra- og slökkvilið mun ekki hafa nægilegt rými til athafna. Einnig er ekki hægt að hafa götuna lokaða og með fá bílastæði við húsin ef tekið er tillit til fyrirhugaðrar atvinnustarfsemi sem er áætluð á neðstu hæð í Hafnarbraut 9.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

42
2/2

Einnig vil ég koma á framfæri hugmynd minni að því að snúa teikningunni við, þ.e. að hafa hærri fjölbýlishúsin austan megin á reitnum og hafa þá lægri húsin neðst en það myndi bæta verulega útsýni og sólskin íbúða við Hafnarbraut sem og búa til skjól fyrir byggðina.

Ég skora á skipulagsyfirvöld að endurskoða vinnslutillöguna með tilliti til vilja íbúanna.

Kveðja

Þórleif K Hauksdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

43

Re: Mótmæli

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Reynir Omarsson <reynirom99@hotmail.com>
Heiti	:	Re: Mótmæli
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	17.02.2022 09:25:47
Höfundur	:	Reynir Omarsson <reynirom99@hotmail.com>

Viðhengi image003.jpg

Sæll
Reynir Ómarsson
3006993249
Ég bý á efstu hæð sem snýr að sjónum í Hafnarbraut 11 þess vegna er þetta mér afar mikilvægt að það verði eitthvað fallegt úr þessu, ekki endalausar nýbyggingar hlið við hlið. Það þarf að rífa niður þessar gömlu byggingar en það væri gott að geta búið til strönd eins og í nauthólsvíkinni, grasblett, stækka göngustiginn, veitingastað, útsýnispall, leiktæki. Margt hægt að gera annað en að láta rísa nýbyggingar.
Takk fyrir.

Sent from my iPhone

Subject: Mótmæli

Sæl veriði
Ég er íbúi á Kársnesinu og ég mótmæli að það eigi að byggja mörg fjölbýli á lítinn flöt hjá höfninni.
(Bakkabraut, bryggjuvör,þinghólsbraut).
það á að byggja til opið grænt almenningssvæði eins og þessi slík. Það er hægt að byggja 2-3 íbúðarhús en þetta skipulag sem er verið að sýna er út í hött. Of margar byggingar ofaní hvor öðrum. Búa til strönd, grasbletti frekar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

44 1/2

From: Einar Hörður Sigurðsson <ehs356@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 16. febrúar 2022 21:54
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: Reitur 13

Til þeirra sem málið varðar

Við krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.

Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.

Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.

Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.

1. Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.
2. Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.
3. Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þinghólsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.
4. Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.
5. Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.
6. Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

44

2/2

7. Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

Virðingarfyllst

Einar Hörður Sigurðsson kt 101258-2039.

íbúi á kársnesi Huldubraut 52

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Y5

Mótmæli v áforma á Kársnesi

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Ingibjorg Gudmundsdottir <ingibjorg.gudmunds@googlemail.com>
Heiti	:	Mótmæli v áforma á Kársnesi
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	17.02.2022 06:56:00
Höfundur	:	Ingibjorg Gudmundsdottir <ingibjorg.gudmunds@googlemail.com>

Sæl,
Við undirrituð mótmælum áformum um byggingarmagn og þéttleika við Bakkavör/Þinghólsbraut. Við teljum húsin of há, ná allt of nálægt fjöru og viljum ekki að strandlengju sé raskað.
Vinsamlegast staðfestið móttöku.
Kveðja,

Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir
041073-4979
Kristján Orri Helgason
241071-4729

Sunnubraut 35

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

46 1/2

Kópavogsbær
Skipulagsdeild
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur 17. febrúar 2022

Athugasemd vegna : Vinnslutillaga að deiliskipulagi – Bakkabraut 2-4, Brvggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79

Ég er íbúi við Holtagerði vestast á Kársnesinu. Auk þess hef ég verið með iðnaðarstarfsemi á Kársnesinu síðan á árinu 1989 á lóðinni Hafnarbraut 10 í gegnum fyrirtæki mitt Vatnsborun ehf.

Nýlega rýmdi ég húsnæðið á Hafnarbraut og flutti starfsemi mína annað, enda var að mínu mati um starfsemi að ræða sem samræmdist ekki íbúabyggð.

Varðandi Kársnesið vil ég fyrst segja að endurskoða þarf það að nýja brúin yfir í Fossvog verði eingöngu fyrir gangandi/hjólandi, heldur á hún að vera fyrir almenna umferð. Tæknin er orðin það mikil að umferðarstjórnun verður minnsta mál í heimi. Mér finnst illa farið með almannafé ef þessu verður ekki breytt, öll umferðarþróun á að vera í þá átt að stytta verutíma bifreiða á götum, stytta leiðir manna og minnka traffík á götum. Fólk sem býr á Kársnesi og er að vinna upp í háskóla þarf að keyra langan hring í stað þess að fara beint yfir nýja brú og öfugt fyrir þá sem vinna og búa á Kársnesinu.

Mér finnst hafa verið spennandi og gaman að fylgjast með þeirri uppbyggingu sem fram hefur farið á Kársnesinu undanfarin ár, þar sem hús í niðurníslu hafa vikið fyrir flottum íbúðarhúsum auk þess sem því hefur fylgt atvinnustarfssemi sem heima á í slíkum hverfum, s.s. bakarí og matsölustaður og fleira.

Uppbyggingin hefur tekið alltof langan tíma og allar svona uppbyggingar er betra að ljúka á sem stystum tíma. Það voru mikil mistök hjá Kópavogsbæ að byggja hvern reit fyrir sig, fara átti í þetta allt í einu.

Áhrif á umferð af uppbyggingunni sem hefur farið fram hefur engin áhrif haft á umferðina í hverfinu hingað til og hef ég engar áhyggjur af því. Aðalatriðið er að hraða uppbyggingu vegna þess að það eru þungu vinnuvélarnar sem vinna við þessar framkvæmdir sem hafa áhrif á umferðina og tefja hana á sumum stöðum. Mikilvægt að hraða uppbyggingu vegna sementsryksins osfv svo þetta standi ekki of lengi og minnka óþægindi fyrir þá sem eru að flytja í hverfið, nýjasta dæmið um það er lokunin á hálfri Hafnarbraut sem hefði mátt gera öðruvísi.

Ég hef skoðað vel vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi á svæði 13. Mér finnst tillagan glæsileg og er stuðningsmaður þess að tillagan nái fram að ganga. Það er mikilvægt að þetta gerist sem fyrst og byggt verði hratt. Þetta er húsnæði sem ég gæti sjálfur hugsað mér að búa í, er vöntun á og er í takt við þá uppbyggingu sem áður hefur verið kynnt á svæðinu. Menn verða að vera samkvæmir sjálfum sér í þessu og klára það hverfi sem hér var kynnt fyrir löngu síðan.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

46
2/2

Sem íbúi á Kársnesinu skora ég á bæjaryfirvöld að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að þessi flotta byggð fari í gegn sem fyrst.

Ég vil þó koma því á framfæri með alla þessa þróunarreiti á Kársnesinu að mér finnst byggingarmagn alltof lítið á hverjum reit og skömm að því hversu illa er farið með pláss og fé almennings, enda ætti meiri hagræðing að nást í byggingu af íbúðum ef lengra er farið upp í loftið.

Þetta mál er miklu meira hagsmunamál fyrir alla íbúa í Kópavogi heldur en örfáa íbúa á Þinghólsbraut sem lítur út fyrir að séu andsnúnir þessu. Klárið málið.

Árni Kópsson,
kt. 120963-4149
Holtagerði 74,
200 Kópavogi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

47

Kópavogsbær
Skipulagsdeild
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur 17. febrúar 2022

EFNI: Vinnslutillaga að deiliskipulagi – svæði 13 Kársnesi

Ég vil hér með koma á framfæri jákvæðum athugasemdum vegna vinnslutillögu að deiliskipulagi á svæði 13 á Kársnesi.

Ég er íbúi í Lækjarhjalla í Kópavogi og hjóla mikið um Kársnesið. Sá reitur sem um ræðir þarfnast þess nauðsynlega að hann sé tekinn í gegn og er hann algjört líti á hverfinu, sér í lagi í ljósi þeirrar flottu uppbyggingar sem hefur átt sér stað á Kársnesinu á undanförnum árum.

Ég kynnti mér reitinn og þær hugmyndir sem uppi voru um íbúðabyggingu fyrir talsverðu síðan þegar ég skoðaði fasteignir sem til sölu voru við Hafnarbraut. Ég hafði þá hug á því að minnka við mig húsnæði en langaði til þess að bíða eftir þessum íbúðum við sjóinn eða þá að færa mig til annars staðar í Kópavogi.

Staðan er hins vegar sú að sú uppbygging sem þarna var fyrirhuguð og á fleiri svæðum í Kópavogi hefur dregist ótrúlega lengi og finnst mér furðulegt að nefnt sé í kynningunni að deiliskipulagslýsing fyrir svæðið hafi verið kynnt 2016 og nú á árinu 2022 er enn ekki einu sinni komin fram tillaga um breytingu að deiliskipulagi, heldur eingöngu verið að kynna vinnslutillögu.

Manni finnst ekki skrýtið að skortur sé á íbúðum ef skipulagsferlið tekur að lágmarki 6 ár frá því að skipulagslýsing er gerð - á því tímabili væri hægt að byggja svona svæði amk tvisvar sinnum upp. Mér þætti því forvitnilegt að vita hvort skipulagsferli á fleiri reitum taki virkilega svo langan tíma hjá Kópavogsbæ?

En að tillögunni sjálfri. Þeir arkitektar sem standa að tillögunni eiga hrós skilið. Hönnunin er betri en ég hafði ímyndað mér og sérstaklega eftirtektarvert hversu vel er hugað að aðgengi hjólandi/gangandi enda talsverð traffík fyrirséð af þeim hópi, sérstaklega með tilkomu borgarlínunnar og Fossvogs brúarinnar.

Ég tala eflaust fyrir hönd margra Kópavogsbúa sem hafa verið að skoða eftir íbúðum undanfarið að það er mín krafa sem Kópavogsbúi að þetta mál og önnur hliðstæð uppbyggingarsvæði verði afgreidd með hraði af hálfu bæjaryfirvalda. Ábyrgð bæjaryfirvalda er mikil.

Virðingarfyllst,

Níels V. Hjaltason

Níels Viðar Hjaltason,
kt. 250152-3619
Lækjarhalla 32, Kópavogi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Y8 1/2

Kópavogsbær
b.t. skipulagsdeildar

Í framhaldi „opins húss" í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. viljum við þakka starfsmönnum Kópavogsbæjar fyrir málefnalegan fund. En ljóst er að allir geta verið sammála um að á fundinum kom fram skýrt ákall bæjarbúa um mannlegra skipulag, unnið í samráði við íbúa Kársness.

Hér eru samandrengir helstu punktar er við gerum athugasemdir við og teljum að gera megi betur.
Athugasemdir við „vinnslutillögu" á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi

- Liggja þarf fyrir heildarbyggingarmagn á Kásnesi og skipuleggja svæðið allt sem eina heild. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar þá hefur byggingarmagn á þessum reit stökkbreyst frá árinu 2016 og var það þá þegar allt of mikið fyrir reitinn.

- Gera þarf ráð fyrir a.m.k. einu bílastæði fyrir hverja íbúð. Bíllaus lífstíll mun ekki raungerast með þeim hætti sem lagt er upp með í skipulagi, með eða án borgarlínu. Ekki dugir það viðhorf bæjarins að ekki sé vilji til að fá „bílafólk" á svæðið og þannig séu samgöngumál leyst.

- Byggingarmagn á Kársnesi er þegar gífurlegt. Gera þarf ráð fyrir sérbýlis- og einbýlishúsum. Varðandi það land sem bærinn á, á þessum reit, t.d. við Þinghólsbraut færi best á því að gera ráð fyrir blandaðri byggð. Gera ráð fyrir minni sérbýlum og einbýlishúsum í samhengi við fyrri byggð. Þeim lóðum verði síðan úthlutað samkvæmt gildandi úthlutunarreglum bæjarins þar sem einstaklingum og smærri byggingaraðilum gefst kostur á að sækja um.

Ég skoðaði upptöku af rafrænum kynningarfundi Kópavogsbæjar um vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi á Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79 sem fór fram þann 30. nóvember 2022 og vildi mæla því að skipulagið við Kársneshöfn verði samþykkt sem fyrst svo að Kársnesið fái að halda áfram að dafna og verða að sterkum kjarna í Kópavogi. Þarna eru mikill tækifæri til uppbyggingar og þéttingu byggðar, borgarlínan á leiðinni og nú þegar komið margt skemmtilegt á svæðið. Það stingur í stúf að hafa ljót og hættuleg atvinnuhúsnæði þarna með tilheyrandi sóðaskap og liggur á að klára skipulagið sem fyrst. Tilefnið að þessum pósti var gagnrýni frá nálægum íbúa sem kom fram á Facebook sem ég get ekki tekið undir enda verður þarna mun snyrtilegri byggð en nú er og passa vel við umhverfið sem er að byggja upp.

Nú þegar er mikill umferðarálag í og úr Kópavogi og tel ég að þétting byggða í kringum Borgarlínu myndi hjálpa til við að létta á því eða amk ekki auka á það heldur gera fólki kleyft að stunda bíllausan lífstíl. Ég hlakka mikið til að geta hjólað úr Lindahverfi niður á Kársnes og notið alls þess sem þessi nýi kjarni mun bjóða upp á með aukinni uppbyggingu íbúða og innviða í hverfinu (sérstaklega þar sem svona umhverfi vantar á Lindasvæðið) og þegar fram líða stundir jafnvel að kaupa íbúð á þessu frábæra svæði. Ásamt því að geta brátt hjólað yfir brúnna niður í Fossvogsmýrina í vinnu. Það er löngu kominn tími á að taka þessar lóðir í gegn og óska ég eftir því að passað verði upp á framkvæmdatíma og í útfærslu skipulagsins verði sérstaklega hugað að umferð gangandi og hjólandi.

Íbúi í Kópavogi og hjólakona,
Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir
m. 660-0051
e. ingalilja@gmail.com

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

61

Umsögn vinnslutillögu á reit 13, kt. 010985-2189.

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Karl Eiriksson <kalleiriks@gmail.com>
Heiti	:	Umsögn vinnslutillögu á reit 13, kt. 010985-2189.
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	17.02.2022 14:37:11
Höfundur	:	Karl Eiriksson <kalleiriks@gmail.com>

Heil og sæl,

Ég vil endilega koma á framfæri jákvæðri umsögn við vinnslutillögu á reit 13.

Verandi íbúi í nýrri byggð á Kársnesinu þar sem hverfið hefur verið fullgert að mestu af vil ég koma á fram jákvæðum sjónarmiðum við þær framkvæmdir sem liggja fyrir á reit 13. Þar sem ég bý í Naustavör er hægt að finna svæði sem lýsir mjög vel mikilvægi þess að einn og sami aðilinn fái traust til þess að byggja upp íbúðasvæði samkvæmt góðri áætlun. Hefur það í för með sér góða heildarsýn byggðar og fínan bæjarbrag.
í Naustavör hefur risið hverfi sem iðar af mannlífi á hverjum degi. Fólk gengur, hleypur og hjólar um svæðið daglega og nýtur útivistar. Þar er stundað sjósund í hverfinu, siglingar kenndar og dýraríkið nýtur sín. Íbúðasvæði sem er opið almenningi og nýtist öllum.

Þau áform sem hafa verið kynnt bera þess merki að tillagan sé vel útfærð með hag þeirra sem hyggjast búa [illegible]æðinu sem og þeirra sem jafnframt búa á svæðunum í kring. Hún býður uppá gott framboð til þeirra sem gætu hugsað sér að flytja sig um set sig innan hverfis og opnar þar með möguleika yngra fólks sem augastað hefur á sérbýli eða stærri eignum á svæði eldri byggðar Kársness.

Við skipulag og uppbyggingu svæða á höfuðborgarsvæðinu hefur oftar en ekki verið búið þannig um hnútana að verkin fái ekki nægilega brautargöngu til þess að þau klárist í heild sinni. Má þar sem dæmi nefna bryggjuhverfið Grafarvogi. Þar risu fyrstu húsin í hverfinu fyrir rúmum 20 árum og enn hefur framkvæmdum ekki verið lokið. Af þeim framkvæmdum og útfærslu að hálfu Reykjavíkurborgar má draga góðan lærdóm.

Reitur 13 er á frábæru svæði með mikla möguleika og hafa þau áform sem kynnt voru á rafrænum kynningarfundi 30 nóvember borið þess merki að miklu púðri hafi verið eytt í að skipulagið komið sem best út fyrir alla sem kunna að hafa aðkomu að svæðinu. Ég vona að tillagan hljóti brautargöngu og í framtíðinni megi umgangast svæðið með sömu upplifun og það sem framkvæmdir við Naustavör hafa boðið uppá. íbúasvæði sem opnar fyrir almenningi fjölmarga frábæra kosti.

--

Með kveðju,

Karl Eiríksson
[illegible]ustavör 6
s. 8643279

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

62

Vinnslutillaga deiliskipulags - spurningar vegna svæðis 13

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Birkir Vagn Omarsson <birkirvagn@gmail.com>
Heiti	:	Vinnslutillaga deiliskipulags - spurningar vegna svæðis 13
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	16.02.2022 22:52:10
Höfundur	:	Birkir Vagn Omarsson <birkirvagn@gmail.com>

Undirritaður Birkir Vagn Ómarsson,
kt. 0602825018
Heimilisfang Galtalind 9
201 Kópavogur
Sendir hér með eftirfarandi spurningar og athugasemd vegna svæðis 13, Kársnesi

Almennt líst mér vel á tillögurnar og er fylgjandi því að málið nái fram að ganga í óbreyttri mynd. Á þessum stað hefði ég þó jafnvel séð fyrir mér talsvert hærri byggð og það sama gildir annars staðar meðfram sjávarlengjunni, sérstaklega í kringum Borgarlínuna. Mig langar því að spyrja skipulagsyfirvöld hvort það hafi ekki verið skoðað að byggja hærra og fleiri íbúðir á þessum reit, sérstaklega þar sem reiturinn liggur í Borgarlínunni? Stendur það virkilega ekki til á mögulegum öðrum reitum í kringum borgarlínu að færa hærra upp en 3-5 hæðir? Þá á ég við þá reiti þar sem verið er að þétta byggð enda í raun um takmarkað svæði sem hentar til slíkrar uppbyggingar.

Að öðru leyti en því að mér finnst tillagan ganga of stutt í fjölda íbúða enda takmarkað land sem liggur á svona góðum stað með því útsýni og þeirri kyrrð sem þarna er.

Kveðja
Birkir Vagn Ómarsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

63

2009744 – Reitur 13, vinnslutillaga. 18. febrúar 2022.

15. Athugasemdir, ábendingar án auðkennis. Bárust fyrir tilskilinn frest.

Sæl,
Ég vil hér með lýsa yfir stuðningi við nýtt deiliskipulag á Kársnesinu sem kynnt var rafrænt fyrir stuttu.
Okkur íbúum hér á Kársnesinu sem nýtt hafa hverfið til útivistar hefur í gegnum árin sviðið sárt hvað þessar lóðir hafa verið illa nýttar. Byggingar þar eru bæði illa lyktandi og hrörlegar þannig að íbúar hverfisins hafa beinlínis forðast umferð þar um. Líst vel á vinalega íbúðabyggð sem styður við okkar frábæra bæ sem Kópavogur er.

Bestu kveðjur, Diðrik Ólafsson, Kópavogstúni S. 6609635 – didrikol@simnet.is

---

64 1/2

Í framhaldi „opins húss" í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. vilja undirritaðir íbúar á vestanverðu Kársnesi koma eftirfarandi á framfæri:

Við krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.

Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.

Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.

Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.

Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.

Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.

Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þinghólsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.

Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

64 1/2

Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.

Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.

Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

Kveðja Aðalbjörg – adalbjorg.ellerts@gmail.com

65

Góðan dag
Ég skora á Kópavogsbæ að falla frá vinnslutillögu um reit 13 á Kársnesinu og nýta svæðið til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og nálægð við sjávarsíðuna. Ég skora á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu og samhengi við aðra reiti þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi og tryggi mannvænlegt samfélag."

Kveðja/Best regards. Sigurdur Holmar Johannesson – siggijo@gmail.com

---

66 1/2

Góðan daginn

Ég geri hér athugasemd við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1,2,3, Þinghólsbraut 77 og 79 - einnig kallað svæði 13.

Ég er hlynnt að það sé byggt á þessu svæði en mér finnst núverandi byggingarmagn allt of mikið með tilheyrandi útsýnismissi fyrir núverandi íbúaeigendur á svæðinu. Einnig sárvantar fleiri græn svæði sem og bílastæði fyrir komandi íbúðir. 0,75-1 bílastæði (hámark) á íbúð er of lítið (ég sé að á minnisblaðinu er gert ráð fyrir fleiri bílastæðum en minnisblaðið er ekki tillagan sem er verið að leggja fram).

Í nýafstöðnum kosningum á Okkar Kópavogur voru margir íbúðareigendur sem óskuðu eftir fleiri bílastæðum við Hafnarbraut. Þar hefur komið skýrt í ljós að svona lítill bílastæðafjöldi virkar ekki enda langt í næstu matvöruverslun, leikskóla og grunnskóla.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

66 3/2

Miðað við þessa tillögu er ekki gert ráð fyrir verslunar og þjónusturýmum sem þýðir að fólk mun þurfa að labba út í Bónus á Nýbýlavegi ef það vill komast í stóra matvöruverslun. Þ.a.l. verða allir þessir eigendur á bíl enda virkar bíllaus lífstíll bara ef hlutir eru í göngufæri og á verstu vetrarmánuðunum þá virkar hann ekki alltaf þá heldur.

Ég óska því eftir að bærinn endurskoði þessa tillögu, hanni svæðið upp á nýtt með minna magni íbúða, mun fleiri grænum svæðum og fleiri bílastæðum. Einnig óska ég eftir því að bærinn fresti afgreiðslu þessarar tillögu fram yfir kosningar.

Bestu kveðjur, Björn Ásgeir – bjornasgeir3@gmail.com

67

Góðan daginn

Langið bara láta vita að ég sem Kópavogsbúi / Kársnesingur hef metnað fyrir hverfinu mínu. Finnst frábært að sjá þá uppbyggingu sem nú þegar hefur átt sér stað á vestanverðu nesinu.

Í framhaldi af því langar mig að lýsa yfir ánægju minni með þessa skipulagshugmynd að Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3 og Þinghólsbraut 77 og 79 og tel að þær gerir hverfið mitt/okkar fallegra og betra.
Kveðja, Jón Halldórsson Kópavogsbúi – urridi1@gmail.com

68

Góðan daginn
Ég geri hér athugasemd við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1,2,3, Þinghólsbraut 77 og 79 - einnig kallað svæði 13.
Ég er hlynnt að það sé byggt á þessu svæði en mér finnst núverandi byggingarmagn allt of mikið með tilheyrandi útsýnismissi fyrir núverandi íbúaeigendur á svæðinu. Einnig sárvantar fleiri græn svæði sem og bílastæði fyrir komandi íbúðir. 0,75-1 bílastæði (hámark) á íbúð er of lítið (ég sé að á minnisblaðinu er gert ráð fyrir fleiri bílastæðum en minnisblaðið er ekki tillagan sem er verið að leggja fram).
Í nýafstöðnum kosningum á Okkar Kópavogur voru margir íbúðareigendur sem óskuðu eftir fleiri bílastæðum við Hafnarbraut. Þar hefur komið skýrt í ljós að svona lítill bílastæðafjöldi virkar ekki enda langt í næstu matvöruverslun, leikskóla og grunnskóla.
Miðað við þessa tillögu er ekki gert ráð fyrir verslunar og þjónusturýmum sem þýðir að fólk mun þurfa að labba út í Bónus á Nýbýlavegi ef það vill komast í stóra matvöruverslun. Þ.a.l. verða allir þessir eigendur á bíl enda virkar bíllaus lífstíll bara ef hlutir eru í göngufæri og á verstu vetrarmánuðunum þá virkar hann ekki alltaf þá heldur.
Ég óska því eftir að bærinn endurskoði þessa tillögu, hanni svæðið upp á nýtt með minna magni íbúða, mun fleiri grænum svæðum og fleiri bílastæðum. Einnig óska ég eftir því að bærinn fresti afgreiðslu þessarar tillögu fram yfir kosningar.
Helga Rún Viktorsdóttir – helgarunv@gmail.com

69

Ég skora á Kópavogsbæ að falla frá vinnslutillögu um reit 13 á Kársnesinu og nýta svæðið til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og nálægð við sjávarsíðuna. Ég skora á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu og samhengi við aðra reiti þannig að það

markist af þörfum íbúa á Kársnesi og tryggi mannvænlegt samfélag.

Kær kveðja, Inga

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

70

Ég skora á Kópavogsbæ að falla frá vinnslutillögu um reit 13 á Kársnesinu og nýta svæðið til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og nálægð við sjávarsíðuna. Ég skora á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu og samhengi við aðra reiti þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi og tryggi mannvænlegt samfélag."

thordis sigmarsdottir – thordissigmars@gmail.com

71

Góðan daginn

Ég geri hér athugasemd við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1,2,3, Þinghólsbraut 77 og 79 - einnig kallað svæði 13.

Ég er hlynnt að það sé byggt á þessu svæði en mér finnst núverandi byggingarmagn allt of mikið með tilheyrandi útsýnismissi fyrir núverandi íbúaeigendur á svæðinu. Einnig sárvantar fleiri græn svæði sem og bílastæði fyrir komandi íbúðir. 0,75-1 bílastæði (hámark) á íbúð er of lítið (ég sé að á minnisblaðinu er gert ráð fyrir fleiri bílastæðum en minnisblaðið er ekki tillagan sem er verið að leggja fram).

Í nýafstöðnum kosningum á Okkar Kópavogur voru margir íbúðareigendur sem óskuðu eftir fleiri bílastæðum við Hafnarbraut. Þar hefur komið skýrt í ljós að svona lítill bílastæðafjöldi virkar ekki enda langt í næstu matvöruverslun, leikskóla og grunnskóla.

Miðað við þessa tillögu er ekki gert ráð fyrir verslunar og þjónusturýmum sem þýðir að fólk mun þurfa að labba út í Bónus á Nýbýlavegi ef það vill komast í stóra matvöruverslun. Þ.a.l. verða allir þessir eigendur á bíl enda virkar bíllaus lífstíll bara ef hlutir eru í göngufæri og á verstu vetrarmánuðunum þá virkar hann ekki alltaf þá heldur.

Ég óska því eftir að bærinn endurskoði þessa tillögu, hanni svæðið upp á nýtt með minna magni íbúða, mun fleiri grænum svæðum og fleiri bílastæðum. Einnig óska ég eftir því að bærinn fresti afgreiðslu þessarar tillögu fram yfir kosningar.

Guðný Björk Halldórsdóttir – gudnybh@gmail.com

---

72 1/2

Góðan dag

Eftir að hafa kynnt mér skipulag á reit 13 á Kársnesi langar mig að hvetja til þess að þar sem fiskverkunin er nú verði gert útivistarsvæði en ekki byggt niður að sjó.

Ég geng daglega Kársnesið og staldra þar gjarnan við. Þeim fjölgar sem eru þar á ferð sjálfsagt vegna fjölgunar íbúa á svæðinu.

Þeir sem ekki geta notið þess heiman frá sér að fá birtuna, vegna nálægra bygginga, eða að sjá sjóinn sækja á þennan stað þar sem sólin sést setjast stóran hluta ársins. Við höfum þörf fyrir það.

Alveg eins og það er þörf fyrir að byggja og eignast heimili er þörf fyrir andrými og að geta notið útivistar. Þar sem sólin skín og hægt er að fá skjól fyrir norðan áttinni. Það er tilvalið að gera á einum fallegasta og skjólsælasta stað á sunnanverðu Kársnesi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Með von um góðar undirtektir. Bestu kveðjur Lucia Lund s. 618-1282. - reynihvammi2@gmail.com

---

Ég skora á Kópavogsbæ að falla frá vinnslutillögu um reit 13 á Kársnesinu og nýta svæðið til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og nálægð við sjávarsíðuna. Ég skora á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu og samhengi við aðra reiti þannig að það

markist af þörfum íbúa á Kársnesi og tryggi mannvænlegt samfélag."

Hildur Heimisdóttir – gildurheimis@gmail.com

Í framhaldi „opins húss" í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. vilja undirritaðir íbúar á vestanverðu Kársnesi koma eftirfarandi á framfæri:

Við krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.

Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.

Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.

Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem **íbúar hafa lýst andstöðu við**. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.

1. Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.
2. Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.
3. Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þinghólsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.
4. Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.
5. Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.
6. Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.
7. Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

74 2/2

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

Ég mótmæli hér með tillögu Kópavogsbæjar að deiliskipulagi á reit 13 á Kársnesi.

Með kveðju, María Ósk Sverrisdóttir – mariaosk_s@hotmail.com

75

Kópavogsbær
Vegna kynningar á deiliskipulagi á Kársnesinu - svæði 13

Almennt er það þannig þegar það kemur að skipulagsmálum að lítið heyrist frá öðrum en þeim sem eru á móti þróun og skipulags byggðar og mér finnst því nauðsynlegt að koma fram með þá jákvæði athugasemd að mér finnst tillagan sem liggur fyrir vel útfærð og vera nauðsynleg tenging milli eldri hluta Kársnes við þá byggð sem er að rísa á Hafnarbraut og norðurhluta Bakkabrautar.

Byggðin sem liggur fyrir deiluskipulagi er vel útfærð með tilliti til umhverfis og þeirrar byggðar sem þegar er fyrir hendi og ef eitthvað er þolir svæðið jafnvel meira byggingarmagn en lagt er til í skipulagi.

Framlögð tillaga fellur vel að þéttingu byggðar á Kársnesi og er einn af lykilþáttum að Kársnes og gamli hluti Kópavogs geti þróast í það nútímasamfélag sem við öll erum að sækjast eftir.

Virðingarfyllst Hallgrímur Magnússon kópavogsbúi – hallgrimur.magnusson@gmail.com

---

76

Ég skora á Kópavogsbæ að falla frá vinnslutillögu um reit 13 á Kársnesinu og nýta svæðið til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og nálægð við sjávarsíðuna. Ég skora á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu og samhengi við aðra reiti þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi og tryggi mannvænlegt samfélag.

Með kærri kveðju, Kristrún

---

77 1/2

Kópavogsbær
Vegna kynningar á deiliskipulagi á Kársnesinu - svæði 13

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

77 2/2

Undirritaður er íbúi í Kópavogi. Almennt er það þannig þegar það kemur að skipulagsmálum að lítið heyrist frá öðrum en þeim sem eru á móti skipulagstillögum. Ég hef heyrt gagnrýni vegna umræddss reits og hef ég meira að segja heyrt af því að einhverjir vilji að reiturinn, sem þó liggur beint við borgarlínu, verði grænt svæði. Mér finnst slíkar hugmyndir fráleitar. Mér finnst því nauðsynlegt að koma fram með þá athugasemd að mér finnst tillagan sem liggur fyrir virkilega vel útfærð og vera í takt við það hverju Kópavogsbær lofaði á þessu svæði í deiliskipulagslýsingu á svæðinu fyrir 6 árum síðan.
Vegna þess íbúðarskorts sem fyrirsjáanlegur er hefði ég viljað sjá byggt hærra upp í loft á þessum stað enda er um að ræða byggð með stórfenglegu útsýni. Augljóst er af tillögunni að mikið hefur verið tekið tillit til einbýlishúsa sem liggja nálægt reitnum. Eins og áður segir heyrist sjaldan frá þeim sem eru sammála tillögum og vildi ég því senda athugasemd sérstaklega þess efnis að mér finnst tillagan góð og vonandi hefjast framkvæmdir á svæðinu sem fyrst til þess að sú starfsemi sem á lóðinni er fari af svæðinu sem fyrst, enda á hún ekki heima í þessu nýja og flotta íbúðahverfi í Kópavogi.
Ég væri mjög áhugasöm um að búa á þessum stað þegar byggðin hefur verið reist.
Bestu kveðjur
Styrmir Steingrímsson – styrmirst@gmail.com

78

From: Kristin Cardew <kristin.cardew@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 17. febrúar 2022 20:03
To: Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Subject: Áskorun vegna deiliskipulags

Ég skora á Kópavogsbæ að falla frá vinnslutillögu um reit 13 á Kársnesinu og nýta svæðið til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og nálægð við sjávarsíðuna. Ég skora á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu og samhengi við aðra reiti þannig að það

markist af þörfum íbúa á Kársnesi og tryggi mannvænlegt samfélag."

Þar með komnar á einn stað, athugasemdir og ábendingar, sem ekki var hægt að fá auðkenni við. Þrátt fyrir beiðni.
G.G.G.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

79

Fwd: Athugasemdir við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79. Kt. 190250-2619.

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Ásta Kjartansóttir <astakjartansd@gmail.com> Hafnarbraut 9a
Heiti	:	Fwd: Athugasemdir við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79. Kt. 190250-2619.
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	16.02.2022 21:22:18
Höfundur	:	Ásta Kjartansóttir <astakjartansd@gmail.com>

Kópavogur 15. 02. 2022

Góðan dag

Ég, undirrituð, Ásta Kjartansdóttir kt. 190250-2619, íbúðareigandi að Hafnarbraut 9A, geri hér með eftirfarandi athugasemdir við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79, svokallaðan reit 13:

1. Ég geri athugasemdir við hæð fjölbýlishúsanna sem teiknaðar sem Þinghólsbraut 91-93 ásamt Bryggjuvör 5 og Bryggjuvör 14. Ég tel að hæð þessara bygginga muni hafa veruleg áhrif á sólskin á mínar svalir sem og útsýni.
2. Ég geri athugasemdir við hversu langt til norðurs fjölbýlishúsið að Bryggjuvör 14 er teiknað en það mun hafa veruleg áhrif á útsýni úr minni íbúð.
3. Ég geri athugasemdir við þéttleika byggðar á reitnum og tel að vinnslutillagan beri með sér að íbúafjöldinn verði allt of mikill á svona litlu svæði.
4. Ég geri athugasemdir við fjölda bílastæða per íbúð á reitnum, en það er ekki raunhæft að ætla að margar íbúðir verði án bílastæða, sér í lagi þar sem langt er í alla þjónustu, s.s. matvöruverslanir, heilsugæslu, skóla og fleira. Ekki er raunhæft að ætla að allir geti nýtt sér borgarlínu, eða séu hjólandi.
5. Ég geri athugasemdir við lítið hlutfall grænna svæða á þessum reit sem og reitum í kring, það er órökrétt að ætla að fylla með landfyllingu til að koma eins mörgum íbúum fyrir og hægt er á kostnað grænna svæða á Kársnesinu. Á þessari tillögu vantar t.d. alveg græn svæði
6. Ég geri athugasemdir við að neðsti hluti byggðarinnar sé það nálægt núverandi strandlengju að það verði að útbúa landfyllingu til að koma megi bryggjunni fyrir.
7. Ég geri athugasemdir við að gert sé ráð fyrir að Hafnarbrautin verði botnlangi og að henni verði lokað við reit 13 en miðað við fjölda fólks sem býr við götuna verður hún allt of þröng til þess hægt sé að keyra um götuna sem og að sjúkra- og slökkvilið mun ekki hafa nægilegt rými til athafna. Einnig er ekki hægt að hafa götuna lokaða og með fá bílastæði við húsin ef tekið er tillit til fyrirhugaðrar atvinnustarfsemi sem er áætluð á neðstu hæð í Hafnarbraut 9.

Einnig vil ég koma á framfæri hugmynd minni að því að snúa teikningunni við, þ.e. að hafa hærri fjölbýlishúsin austan megin á reitnum og hafa þá lægri húsin neðst en það myndi bæta verulega útsýni og sólskin íbúða við Hafnarbraut sem og búa til skjól fyrir byggðina.

Ég skora á skipulagsyfirvöld að endurskoða vinnslutillöguna með tilliti til vilja íbúanna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

80

Skipulag á Kársnesi

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Helga Gunnarsdottir <hgg696@gmail.com>
Heiti	:	Skipulag á Kársnesi
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	16.02.2022 21:11:04
Höfundur	:	Helga Gunnarsdottir <hgg696@gmail.com>

Ég mótmæli nýrri tillögu bæjarins að skipulagi á Bakkabraut, Bryggjuvör og Þinghólsbraut.

Það er verið að setja mjög mörgum há hús á mjög lítinn blett (með tilheyrandi útsýnismissi fyrir húsin í kring). Það er varla hægt að finna grænt svæði þarna (grasgrænu þökin á kynningartillögu eru mjög villandi) og minna en eitt bílastæði á íbúð.

Er alveg hlynnt að það sé byggt eitthvað á þessu svæði en finnst þetta bara allt, allt of mikið byggingarmagn.

Helga Guðrún Gunnarsdóttir
Kt 1703552299

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

81 1/2

athugasemdir við deiliskipulag

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Brynhildur Jónsdóttir <brynhj@gmail.com>
Heiti	:	athugasemdir við deiliskipulag
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	16.02.2022 20:58:12
Höfundur	:	Brynhildur Jónsdóttir <brynhj@gmail.com>

Kópavogi 16. febrúar 2022

Skipulagsdeild Kópavogsbæjar

Digranesvegi 1

200 Kópavogi

Efni: Athugasemdir við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi á reit 13 á Kársnesi

Við undirrituð, íbúar á Hafnarbraut 9, viljum koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við vinnslutillögu þá sem auglýst hefur verið á reit 13 sem nær yfir Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3 og Þinghólsbraut 77 og 79.

Það er ánægjulegt að verið sé að ráðast í uppbyggingu í nærumhverfi okkar á Kársnesinu. Reitur 13 liggur nánast alveg að okkar lóð, einungis gatan/Bryggjuvör skilur á milli. Uppbygging á þessum reit hefur því ótrírætt mikil áhrif á lífsgæði okkar á Hafnarbraut 9. Við viljum hafa áhrif á þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er og teljum að uppbygginguna ætti að vinna í samráði við íbúa eins og lög gera ráð fyrir. Taka þarf mið af þörfum og óskum íbúanna og þeirrar starfsemi sem fyrir er.

Fyrirliggjandi vinnslutillaga mætir alls ekki okkar væntingum og er hvorki tillagan né ferlið í samræmi við stefnu bæjarins en þar segir: ?*Hlutverk Kópavogsbæjar er að tryggja lífsgæði íbúanna með góðri og fjölbreyttri þjónustu. Grunnreglur bæjarfélagsins eru skýrar og miða að því að allir hafi tækifæri til áhrifa. Kópavogsbær leggur áherslu á gott mannlíf, skilvirkan og ábyrgan rekstur ásamt öflugu atvinnulífi.*?

Okkar væntingar eru að búa í samfélagi þar sem lífsgæði íbúanna eru höfð að leiðarljósi í sjálfbæru samfélagi. Við viljum sjá staðarkosti nýtta betur hér í nálægð við náttúruna. Vænlegt er að hafa í huga hugmyndafræði 15-20 mínútna byggðar varðandi þjónustu og samgöngur svo svæðið verði sjálfbært. Það skortir alveg á að kynna hvernig þjónustu við okkur á Kársnesinu verði háttað, leikskólar, græn afþreyingarsvæði og verslunar- og þjónusturými. Slíkt ætti að liggja fyrir áður en vinnslutillaga er kynnt.

Samgöngur og aðkoma að Hafnarbraut 9

Algjör óvissa ríkir um hvernig hönnun Borgarlínu verður. Því leggjum við til að henni gerði gefið gott rými um Bryggjuvörina og upp á Borgarholtsbraut, sem og umferð gangandi og hjólandi. Byggðin á reitnum má því ekki liggja að ystu brún á lóðarmörkum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Óljóst er með umferð og umferðarþunga; gera þarf víðtækari greiningu á umferðarflæði. Nærliggjandi götur geta ekki annað vaxandi bílaumferð. Við teljum mikilvægt að uppbygging gerist heildstætt og að gengið verði sem fyrst frá tilhögun gatnagerðar á svæðinu. Þá er óljóst hvernig aðkoma verður að innkeyrslu í bílageymslu okkar að Hafnarbraut 9 og nr. 11.

Hæð bygginga og byggingarmagn

Hæð og byggingarmagn má ekki skerða hag íbúa í nágrenninu. Ef of miklu byggingarmagni er komið fyrir á þessum reit skapar það minni lífsgæði. Nýtingarhlutfall byggðarinnar er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð.

Í tillögunni er gert ráð fyrir fimm hæða byggingum næst okkur á norðurhluta reitsins. Séð frá Hafnarbraut 9 mun hár veggur rísa sem takmarkar útsýni og birtu svo um munar. Þá er ljóst að birta frá hausti til vors skerðist einnig töluvert. Í gögnum tillögunnar er ekki skoðað skuggavarp yfir vetrarmánuðina frá 22. september til 20. mars. Birta og útsýni er eitt af veigamestu atriðum lífsgæða okkar íbúanna og teljum við að verðmæti eigna okkar bundið þessum atriðum órjúfanlegum böndum. Mikilvægt er því að leyfa alls ekki þessa hæð byggðar á reitnum og miða við deiliskipulag frá 1990 um hámarkshæð bygginga á norðurhluta reitsins, 3 hæðir. Einnig leggjum við til að húsnæði nái ekki lengra til vesturs en þau hús sem standa á lóð Hjálparsveitar skáta í Kópavogi.

Stöndum vörð um náttúruna

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem hefur gert Kársnesið að aðlaðandi svæði til að búa á er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi.

Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Á reitnum er tilvalið að nýta náttúrulega kosti til útiveru fyrir almenning, græn svæði og jafnvel baðaðstöðu.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við teljum vinnslutillöguna ekki þjóna hagsmunum íbúanna. Samráðsferli við íbúana hefði verið betri kostur og hefði mátt standa mun betur að því. Enn er hægt að snúa til betri vega í þeim efnum. Við erum tilbúin að leggja fram okkar hugmyndir og vinna að því að með skipulagsyfirvöldum að móta byggð fyrir fólk í sjálfbæru samfélagi. Varast ber að þjóna eingöngu þröngum hagsmunum fjárfesta.

Við áskiljum okkur rétt til að leita réttar okkar fari svo að vinnslutillaga þessi verði að samþykktu skipulagi og rétt til að leggja fram frekari gögn á síðari stigum máls.

Virðingarfyllst,

Brynhildur Jónsdóttir, kt. 200565-3209

Hafnarbraut 9

íbúð 202

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

82

V/ deiliskipulags við Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Viktor Berg <viktorberg93@gmail.com>
Heiti	:	V/ deiliskipulags við Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	16.02.2022 19:10:15
Höfundur	:	Viktor Berg <viktorberg93@gmail.com>

Hæhæ,

Ég er ekki hlynntur þessu nyja deiliskipulagi og samþyki ekki.
Væri til í að sjá aðrar tillögur.

Kv. Viktor Berg (kt. 090693-2559)
Íbúi Hafnarbrautar 12A, 200 kóp.
--
Kv. Viktor Berg

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

83

Athugasemd við deiliskipulag svæði nr. 13

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Matthías Björnsson <matthias@debet.is>
Heiti	:	Athugasemd við deiliskipulag svæði nr. 13
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	16.02.2022 17:39:36
Höfundur	:	Matthías Björnsson <matthias@debet.is>

Góðan dag,

Mig langar að lýsa yfir ánægju minni eftir að hafa séð kynningu um deiliskipulag um svokallað svæði nr. 13 sem afmarkast af Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79.

Ég er alinn upp á Þinghólsbraut og svo Sunnurbraut og hef búið í Kópavogi mestan part af ævi minni og þekki því þetta svæði vel. Mér finnst tillögurnar vel útfærðar og hreyfi engum andmælum við þær. Þessi byggð er búin að bíða allt of lengi eftir afgreiðslu og miðað við þann mikla skort á íbúðum og lóðum á höfuðborgarsvæðinu er þörf á að fá fleirri íbúðir í Kópavogi. Kársnesið er gott íbúðarsvæði og meiri byggð styrkir nærumhverfið, það verður meira af fólki sem eykur líkur á meiri verslun og þjónustu á svæðinu auk þess að núverandi umferðaæðar þola alveg meiri umferð. Einnig munu innviðir svosem skólar nýtast mun betur. Síðan er líka kostur að þessi byggð er að byggjast upp við hliðina á Borgarlínu en öll þéttingar plön nálægt Borgarlínu hljóta að vera af hinu góða til að taka á umferðarvanda höfuðborgarsvæðisins.

Það eru ekki góð vinnubrögð að láta land sem þessa velkjast í kerfinu í 6 ár frá því að deiliskipulags lýsing var gerð fyrir Kársnesið og kynnt okkur íbúunum. Við eigum að vera þekkt fyrir að hreyfa okkur hraðar en þetta.

Varðandi tillöguna sjálfa þá er jákvætt að sjá þá fagmensku og þann metnað sem hefur verið settur í að gera þetta svæði aðlaðandi og fella byggðina inn í núverandi hverfi með þeim hætti að það aðlagast mjög vel. Það er einnig skemmtilegt að sjá að bílar og bílaumferð hefur verið færð frá höfninni og inn í garðinn og undir hann. Garðurinn verður mjög skemmtilegur fyrir íbúana og einnig smábátahöfnin og hafnarkanturinn. Það er einnig mikilvægt að hugsað hafi verið fyrir því að setja allt sorp í djúpgáma eins og hefur verið gert á öðrum svæðum í kring því það er framtíðin.

Mér finnst þessi byggð blandast vel inn í það hverfi sem þarna er að byggjast upp og einnig taka mjög mikið tillit til þeirrar byggðar sem er nú þegar til staðar.

Virðingarfyllst

Matthías Björnsson
310567 8339
Huldubraut 62
200 Kópavogi
Debet endurskoðun & reikningsskil

Suðurlandsbraut 30 108 Reykjavík
Sími 517 1000 - Fax 517 1055
Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Debet ehf. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna.The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee. The contents of the message are the individual senders responsibility if it is not related to the operation of Debet ehf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

84

Til skipulagsyfirvalda vegna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79.

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Halli Ester <halliogester@gmail.com>
Heiti	:	Til skipulagsyfirvalda vegna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79.
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	16.02.2022 16:34:31
Höfundur	:	Halli Ester <halliogester@gmail.com>

Til þeirra er málið varðar

Nú hef ég kynnt mér vinnslutillögu sem liggur fyrir á svæði 13 á Kársnesi og sýnist mér á öllu að tillagan sé mjög vel unnin og virðist mikið tillit vera tekið til hverfisins í kring. Mér sýnist gengið úr skugga um að byggðin sé lágreist fyrir framan einbýlishúsin á Þinghólsbraut en að sama skapi hækkar hún upp í fleiri hæðir þar sem nú þegar er komin 4-5 hæða byggð við Hafnarbraut.

Ég er örlítið undrandi á hvað þetta ferli hefur tekið langan tíma en ég hef fylgst með uppbyggingu á nýjum byggingum við Hafnarbraut og Bakkabraut og hef ætíð staðið í þeirri meiningu að hverfið ætti allt að rísa á svipuðum tíma. Hugmynd að reitnum litu dagsins ljós fyrir langt um löngu og í ljósi þess að það er gríðarlegur skortur á nýjum íbúðum á Kársnesinu er með ólíkindum hvað skipulagsyfirvöld hafa gefið sér rúman tíma í að klára þennan reit.

Í hjólatúrum um svæðið hef ég furðað mig á að þessi reitur er óbyggður enn og langt frá því að vera til fyrirmyndar fyrir Kópavogsbæ og stöðu hans sem útivistarbæjar.
Auk þess er starfsemin þar er ekki í anda þeirrar íbúabyggðar sem komin er á svæði.
Ófullkomin svæði sem þessi geta verið tilvalin fyrir óæskilega starfsemi á kvöldin og er það miður, bæði fyrir núverandi íbúa og aðra sem leið eiga þarna um, hvaða tíma sólarhrings sem er.

Það er einlæg ósk mín að þetta skipulag verði klárað sem fyrst svo að foreldrar á svæðinu geti andað léttar þegar börnin þeirra eru í útivist á svæðinu og að útivistarfólki sé tryggt öryggi þegar það á leið á eða í gegnum svæðið.

Virðingarfyllst

Ester Ósk Traustadóttir
Ennishvarfi 15a, 203 Kópavogi
kt. 270273 5649

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

85

Umhverfið er okkur mikilvægt ? hugsaðu þig um áður en þú prentar tölvupóstinn.

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist þér, vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

From: bjorkkrist
Sent: miðvikudagur, 16. febrúar 2022 13:57
To: Skipulag
Subject: Tillaga að uppbyggingu á Kársnesi

Góðan daginn,

Eftir að hafa skoðað tillögur ykkar um nýtingu lóða að Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3 og Þinghólsbraut 77-79, hvet ég ykkur eindregið til að hrinda þeim tillögum í framkvæmd sem fyrst.

Ég hef búið á Kársnesi um árabil og geng mikið um svæðið. Þessi reitur eins og hann er í dag er vægast sagt sóðalegur og fælir okkur íbúana frá útivist, bæði gangandi og hjólandi.

Eins er mjög áríðandi að Hjálparsveit fái nýtt og betra staðsett húsnæði.

Með von um jákvæðar undirtektir,

Björk Kristjánsdóttir s.8421916

kt. 091148-3829
Kópavogsbraut 6.

Sent úr Galaxy

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

86

Ábending vegna deiliskipulagsvinnu við Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3 og Þinghólsbraut 77-79

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Steindór Gunnarsson <steindor@gunnarsson.is>
Heiti	:	Ábending vegna deiliskipulagsvinnu við Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3 og Þinghólsbraut 77-79
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	16.02.2022 14:49:38
Höfundur	:	Steindór Gunnarsson <steindor@gunnarsson.is>

Góðan daginn,

Ég hef verið að fylgjast með og kynna mér uppbygginguna á Kársnesinu undanfarið sem íbúi á Kársnesi og nú síðast fyrirhugað deiliskipulag við höfnina á suðvesturhorninu með því að horfa á kynningarfundinn á netinu um daginn.

Við hjónin förum reglulega í göngutúra á þessu svæði og einnig hjóla ég töluvert um svæðið. Það er synd að þessar lóðir við höfnina séu ekki komnar lengra í takt við þá breytingu sem er orðin á Hafnarbraut og Vesturvör svo ég tali nú ekki um uppbyggingu í Naustavörinni þar sem við búum.
Það er löngu orðið tímabært að þetta horn verði tekið í gegn og skíturinn og draslið sem tekur á móti manni þarna er ekki neinu bæjarfélagi til sóma.

Ég hef orðið var við gagnrýni á þessa uppbyggingu á samfélagsmiðlum en þegar maður skoðar tillöguna þá finnst mér þessi hús sem eiga að koma þarna falleg, vel útfærð og til sóma fyrir svæðið í heild sinni.
Ég held að þessi byggð eins og hún birtist manni geti verið fallegt kennileyti þarna á suðvesturhorninu og lýsir vel metnaði Kópavogsbæjar í skipulagsmálum. Þarna munu margir vilja búa og verður gaman að sjá hvernig áætlað er að höfnin breytist og mannlíf eykst á svæðinu.

Með vinsemd,
Steindór Gunnarsson
250756-4029
Naustavör 40

Kveðja - best regards

Steindór Gunnarsson
Framkvæmdastjóri / CEO

Fossaleynir 10
112-Reykjavík
tel: 354 535 1600

steindor@gunnarsson.is
www.gunnarsson.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 11.11.2026

87 1/3

Re: Til Skipulags Kópavogs vegna Reits 13

Til	:	Skipulag;
Frá	:	Áslaug Pálsdóttir <aslaug@appr.is>
Heiti	:	Re: Til Skipulags Kópavogs vegna Reits 13
Málsnúmer	:	2009744
Málsaðili	:	Vinabyggð ehf.
Skráð dags	:	16.02.2022 12:53:10
Höfundur	:	Áslaug Pálsdóttir <aslaug@appr.is>

Áslaug Pálsdóttir
KT: 040373-4629
Hólmaþing 15

Bestu kveðjur,
Áslaug Pálsdóttir

On 16 Feb 2022, at 12:51, Skipulag <Skipulag@kopavogur.is> wrote:

Sæl Áslaug.
Móttekið, vinsamlega sendu mér kennitölu og heimilisfang.

Með kveðju,
Guðmundur G. Gunnarsson
ritari skipulagsdeildar.
Umhverfissvið Kópavogs
Digranesvegi 1, 200 Kópavogi.
www.kopavogur.is
gudmundurgg@kopavogur.is
Sími: 441-0000, beinn sími 441-2402.
Umhverfið er okkur mikilvægt ? hugsaðu þig um áður en þú prentar tölvupóstinn.
Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist þér, vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

From: Áslaug Pálsdóttir <aslaug@appr.is>
Sent: miðvikudagur, 16. febrúar 2022 12:01
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: Til Skipulags Kópavogs vegna Reits 13

Ágæti viðtakandi,
Undanfarið hafa verið kynningarfundir vegna Reits 13 sem samanstendur af lóðunum Bakkabraut 2-4,

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

87
2/3

Bryggjuvör 1, 2 og 3, Þinghólsbraut 77 og 79.
Ég hef fylgst með þessarri vinnu og hef eftirfarandi athugasemdir við ferlið og tillöguna.

